

Flokkar fjárfesta

Almennir fjárfestar:

Almennir fjárfestar njóta mestrar fjárfestaverndar lögum samkvæmt. Í því felst m.a. að Íslandsbanka ber að veita þeim greinargóðar upplýsingar um bankann, þjónustu hans, um fjárfestingarkosti og áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir auk upplýsinga um hvaða þóknun bankinn muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Við fjárfestingaráðgjöf eða eignastýringu er bankanum skylt að meta hvort tiltekin þjónusta og/eða fjármálagerningur hæfi fjárfestingarmarkmiðum almenns fjárfestis, fjárhagslegri stöðu hans, reynslu og þekkingu. Hvað varðar aðra fjárfestingarþjónustu en eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf ber að meta í ákveðnum tilvikum hvort tiltekin þjónusta eða fjármálagerningur sé tilhlýðilegur fyrir almennan fjárfesti í ljósi þekkingar hans og reynslu. Í hóp almennra fjárfesta falla allir einstaklingar og smærri fyrirtæki og félög.

Almennir fjárfestar geta, með skriflegri umsókn, óskað eftir því að bankinn fari með þá sem fagfjárfesta. Almennum fjárfesti er heimilt að óska eftir slíkri breytingu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Þegar almennur fjárfestir óskar eftir flokkun sem fagfjárfestir skal Íslandsbanki leggja mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu hans og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvörðun um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Þessu til viðbótar þarf almennur fjárfestir að uppfylla tiltekin fjárhagsleg skilyrði. Bent skal á að fagfjárfestar njóta mun minni verndar en almennir fjárfestar og samþykki Íslandsbanki breytingu á flokkun þá afsalar viðskiptavinur sér þeim réttindum og þeirri vernd sem hann nýtur samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga sem almennur fjárfestir.

Fagfjárfestar:

Með fagfjárfestum er átt við aðila sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Skyldur Íslandsbanka gagnvart þeim eru minni en gagnvart almennum fjárfestum. Við fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu er bankanum skylt að meta hvort tiltekin þjónusta eða fjármálagerningar séu í samræmi við fjárfestingarmarkmið fagfjárfestis. Hvað varðar aðra fjárfestingarþjónustu er bankanum ekki skylt að meta hvort tiltekin þjónusta eða fjármálagerningur sé tilhlýðilegur í ljósi þekkingar og reynslu viðkomandi fagfjárfestis. Þá eru sem dæmi ekki gerðar eins ríkar kröfur um upplýsingagjöf til fagfjárfesta og til almennra fjárfesta.

Fagfjárfestar eru:

- 1) Lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum svo sem fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóðir.
- 2) Stór fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði um efnahagsreikning, ársveltu og eigið fé.
- 3) Ríkisstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir.
- 4) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum.
- 5) Aðrir sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli 54. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Fagfjárfestum er heimilt, með skriflegri umsókn, að óska eftir að teljast til almennra fjárfesta. Fagfjárfestar geta einnig óskað eftir því að teljast til viðurkenndra gagnaðila að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Bent skal á að viðurkenndir gagnaðilar njóta minnstu fjárfestaverndar lögum samkvæmt. Fagfjárfestar bera ábyrgð á að tilkynna bankanum um breytingar sem áhrif geta haft á flokkun þeirra sem og ef þeir telja flokkun sína ranga.

Viðurkenndir gagnaðilar:

Viðurkenndir gagnaðilar eru þeir aðilar sem njóta minnstu fjárfestaverndar lögum samkvæmt. Gengið er út frá því að þeir hafi viðamikla reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu á sviði viðskipta með fjármálagerninga. Bankanum er t.d. heimilt að eiga í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 33.–41. gr., 44.–46. gr., 48. gr. og 1.–2. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Viðurkenndir gagnaðilar eru aðilar sem falla undir 1., 2. og 3. tölulið skilgreiningar á fagfjárfestum. Viðurkenndir gagnaðilar bera ábyrgð á að tilkynna bankanum um breytingar sem áhrif geta haft á flokkun þeirra sem og ef þeir telja flokkun sína ranga. Viðurkenndum gagnaðilum er heimilt, með skriflegri umsókn, að óska eftir því að falla í annan flokk og njóta aukinnar verndar í samræmi við þá flokkun.

Sjá nánar lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglugerð (ESB) 2017/565, sem varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja.